


Fjárlaganefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2019

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi, SOS Barnaþorpa, Hjálparstarfs kirkjunnar og Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og Kristniboðssambandsins um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020 - 150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 1.


Virðingarfyllst,

f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

f.h. SOS Barnaþorpa



Ragnar Schram,
framkvæmdastjóri.

f.h. Barnaheilla – Save the Children á Íslandi




Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri.

f.h. Kristniboðssambandsins



Ragnar Gunnarsson,
framkvæmdastjóri.

fh. Hjálparstarfs kirkjunnar,



Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN

um

frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020

150. löggjafarþing 2019-2020

Þingskjal 1 – 1.mál.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

I. Almennar athugasemdir

Umsögn þessi lýtur einungis að þeim hluta fjárlagafrumvarpsins sem fjallar um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Ástæðan fyrir umsögninni er ítrekaður stuðningur Íslands við markmið Sameinuðu þjóðanna um að efnameiri ríki verði 0,7% af vergum þjóðartekjum sínum til að byggja upp og styðja við fátæk ríki og þau sem glíma við átök og hamfarir. Þrátt fyrir að Ísland hafi frá árinu 1971,¹ og t.a.m. áréttað árið 1985 með ályktun Alþingis, stutt markmið Sameinuðu þjóðanna hefur hérlendum stjórnvöldum ekki borið gæfa til að ná því markmiði þrátt fyrir að vera vel efnað ríki sem býr við stöðugleika og situr í sjötta sæti á lista Sameinuðu þjóðanna yfir hvar er best að búa. Í ályktun Alþingis 1985 var þó ákveðið að 0,7% markmiðinu yrði náð á næstu sjö árum.²

Undirrituð telja að framlag Íslands til þessa mikilvæga málaflokks sem stuðlar að auknu öryggi í heiminum öllum sé hvorki í samræmi við stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu né þau lönd sem við berum okkur helst saman við. Í því samhengi vísast bæði til þess að hartnær fimm áratugum eftir að stuðningi við markmið Sameinuðu þjóðanna var lýst yfir var framlag Íslands á árinu 2017 alls 0,29% af vergum þjóðartekjum (VPT).

Að auki var á árinu 2017 yfir 45% af heildar fjármagni til málaflokksins *alþjóðleg þróunarsamvinna* varið til verkefna á Íslandi³ og má áætla að hlutfallið sé svipað fyrir árið 2018. Slíkt telst varla í samræmi við nýlega samþykktu stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu eins og nánar verður vikið að hér að neðan.

II. 35. Alþjóðleg þróunarsamvinna

Í fyrirliggjandi frumvarpi kemur fram að heildar framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu árið 2020 séu áætluð 5.645,8 m.kr. og lækki um 387,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2019 eða sem samsvarar til 6,6%. Í greinargerð með frumvarpi kemur fram að lækkun þessi sé tilkomin vegna þriggja þátta. Í fyrsta lagi lækka framlögin að upphæð 308,1 m.kr. vegna lækkunar á áætluðum þjóðartekjum á næsta ári. Í öðru lagi lækka framlögin um 446,2 m.kr. vegna breyttrar samsetningar á heildarútgjöldum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu en hluti þeirra er vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd og kvótaflóttafólks. Í þriðja lagi lækka fjárheimildir málefna sviðsins um 300 m.kr. sem færðar verða á málefna svið 4 *Utanríkismál* til að standa straum af viðhaldi mannvirkja Atlantshafsbandalagsins á Íslandi. Að öllu meðtöldu lækka fjárheimildir málaflokksins því um 1.054,3 m.kr. Til móts við ofangreindar lækkanir

¹ Sbr. fyrstu lög Alþingis um þróunaraðstoð frá árinu 1971. Sjá m.a. umræðu á 122 löggjafarþingi 1997-1998 um aukið framlag til þróunarsamvinnu. <https://www.althingi.is/altext/122/s/0007.html>

² Sjá *Þingsályktun um þróunaraðstoð Íslands* nr. 25/107 sem samþykkt var 28. maí 1985.

³ Sbr. upplýsingar á vefsíðu utanríkisráðuneytisins. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/>

kveður frumvarpið á um aukið útgjaldasvigrúm innan ramma málefnasviðsins sem nemur 668,7 m.kr. ásamt launa- og verðlagshækkunum sem áætlaðar eru 173 m.kr.

Við umræður og afgreiðslu frumvarpsins hvetur Rauði krossinn á Íslandi, SOS Barnaþorp, Hjálparstarf kirkjunnar, Barnaheill – Save the Children á Íslandi og Kristniboðssambandið fjárlaganefnd til að taka fyrirbyggjandi tillögur frumvarpsins um lækkun á framlögum til málefnasviðsins *Alþjóðleg þróunarsamvinna* til ítarlegrar endurskoðunar með hliðsjón af neðangreindum atriðum.

Í nágildandi stefnu stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023, sem hlaut meðferð á 149. löggjafarþingi 2018-2019, er stuðningur íslenskra stjórnvalda undirstrikaður við markmið Sameinuðu þjóðanna um að efnameiri ríki verji sem nemi 0,7% af vergum þjóðartekjum til opinberrar þróunaraðstoðar. Þá er stefnt að því að Ísland auki framlög sín á næstu árum og þau verði 0,35% af vergum þjóðartekjum árið 2022.

Í áraráðir hefur alþjóðleg þróunarsamvinna verið yfirlýst sem ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu og hefur Ísland um langt skeið stutt téð markmið Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir það hafa framlög Íslands til málaflokksins verið heldur rýr í samanburði við markmið Sameinuðu þjóðanna. Í gagnagrunni Efnahags- og framfarastofnunarinnar (*OECD*) eru framlög Íslands til málaflokksins skrásett frá árinu 1997 og nemur meðaltal framlaga Íslands á síðustu 20 árum aðeins 0,199% af VÞT. Hæst voru framlögin 0,356% árið 2008 og 0,325% árið 2009. Á árinu 2016 námu framlög hins vegar 0,28% af VÞT og 0,29 árið 2017.

Um áherslur og markmið í ofangreindri stefnu segir að Ísland leggi sitt af mörkum í baráttunni gegn sárri fátækt og hungri og beiti sér fyrir að aukin hagsæld samfélaga skili sér til þeirra fátækustu og leiði til aukins jafnaðar með sérstakri áherslu á stuðning við óstöðug ríki og þau fátækustu í heiminum. Jafnframt kveður stefnan á um að rík áhersla verði lögð á að framlögin séu vel nýtt og sýnt sé fram á árangur af starfi Íslands.

Í ljósi þessara áherslna og markmiða hvetja umsagnaraðilar fjárlaganefnd til að taka ráðstöfun framlaga Íslands til ítarlegrar skoðunar svo tryggt sé að fjárframlögum til málaflokksins sé ráðstafað á skilvirkan og hagkvæman hátt í samræmi við ofangreindar áherslur og markmið. Í því samhengi er athygli fjárlaganefndar vakin á í skýrslu *Efnahags- og framfarastofnunarinnar* (*OECD*) kemur fram að framlög Íslands á árinu 2017 til flóttafólks og hælisleitenda á Íslandi námu 36.3%⁴ af framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu,⁵ og gera má ráð fyrir að hlutfallið hafi verið svipað á árinu 2018.

Hafa verður einnig til hliðsjónar það sem kom fram hér að ofan varðandi það að um 45% af heildarframlögum til málaflokksins er varið í kostnað sem til fellur á Íslandi sé miðað við árið 2017 og ætla má að hlutfallið sé svipað fyrir árið 2018. Er kostnaður sem til fellur vegna flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd þar langhæstur og sker Ísland sig úr hvað það háa hlutfall varðar í samanburði við Norðurlönd.

Með hliðsjón af ofangreindu er það umhugsunarvert hvort tillaga frumvarps til fjárlaga 2020 um að lækka heildargjöld til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu samræmist stefnu stjórnvalda í málaflokknum og því markmiði stjórnvalda frá árinu 1971 að stefna að því að ná 0,7% markmiði Sameinuðu þjóðanna sem vísað hefur verið til hér að ofan.

⁴ Á heimasíðu utanríkisráðuneytisins er þetta hlutfall fyrir árið 2017 reiknað 32,45%. Sjá: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/throunarsamvinna/>

⁵ Sbr. bls 273 í skýrslu OECD: <https://www.oecd-ilibrary.org/sites/dcr-2018-31-en/index.html?itemId=/content/component/dcr-2018-31-en&mimeType=text/html>

Lokaorð

Fulltrúar félaganna sem rita umsögn þessa eru tilbúnir til að hitta fjárlaganefnd til þess að gera frekari grein fyrir ofangreindum athugasemdum sé þess óskað.